

Samningur um fjármögnun sérsambanda ÍSÍ



F.v. Stefán Snær Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Líney R. Halldórsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðhneyti.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur Rafnsson, forseti [Íþróttasambands Íslands \(ÍSÍ\)](#), undirrituðu nýverið samning um fjármögnun sérsambanda ÍSÍ. Markmiðið

með samningnum er m.a. að aðstoða sérsamböndin við að vinna að eflingu og útbreiðslu viðkomandi íþróttagreina á landsvísi, auka upplýsingagjöf og styða við alþjóðasamstarf þeirra. ÍSÍ sér um og ber ábyrgð á úthlutun rekstrarstyrkja til sérsambandanna og mun því gera samstarfssamning við hvert sérsamband fyrir sig.

Heildarstyrkveiting til sérsambandanna skv. samningnum er alls 170 m.kr. á tímabilinu 2007 – 2009. Upphæðin skiptist þannig að á árinu 2007 koma til greiðslu 40,0 m.kr., 2008 60 m.kr. og árið 2009 verður lokagreiðslan 70,0 m.kr. Á árinu 2006 voru 30 m.kr. af fjárveitingu til ÍSÍ eyrnamerkta sérsamböndunum.

Menntamálaráðherra átti fund með ÍSÍ og sérsamböndunum um málefni sérsambandanna fyrir tæpum tveimur árum. Á þeim fundi kom fram sú eindregna skoðun sérsambandanna og ÍSÍ að afar mikilvægt væri að veita sérsamböndunum fjárstuðning með fjárframlagi á hverju ári á fjárlögum ríkisins til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.

Í byrjun árs 2005 ákvað menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og ÍSÍ að skipa vinnuhóp með fulltrúum frá þessum aðilum til að skoða sérstaklega fjármál sérsambanda ÍSÍ. Samningurinn er afrakstur þeirrar vinnu.

Flaggskip evrópskra vísinda og rannsókna í burðarliðnum

Framkvæmdastjórn

Evrópusambandsins (ESB)

samþykkti á dögum tillögu til Evrópuþingsins og ráðsins um reglugerð fyrir European Institute of Technology (EIT). Þessi nýja stofnun á að vera flaggskip ESB á sviði rannsókna og vísinda og svar Evrópu við bandarísku stofnuninni MIT. Áætlanir um skipulag og starfsemi stofnunarinnar hafa breyst mikið frá fyrstu tillögum framkvæmdastjórnar ESB, einkum sökum harðrar andstöðu og gagnrýni frá fagfólki í álfunni. Núna er gert ráð fyrir að sjálf stofnunin hafi aðeins með höndum val á verkefnum, eftirlit og fjármögnun að hluta en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir fullvaxinni rannsókn- og menntastofnun á við MIT. Helstu áherslur Lissabon-markmiða eru aukin menntun og betra skólastarf. sé helsta leið Evrópuríkja til að auka samkeppnishæfni sína og halda í við aðrar heimsálfur á margvíslegum sviðum. Framkvæmdastjóri ESB á sviði mennta- og menningarmála, Jan Figel, segir nauðsynlegt að sambandið og öll aðildarríki ESB geri menntamál að helstu pólitísku markmiðum sínum. Nánari upplýsingar er að finna á vef



menntamálaráðuneytis.

Málþing um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans

Menntamálaráðuneyti heldur [málþing um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans og ný grunnskólalög](#) laugardaginn 25. nóvember nk. frá kl. 9.30-13.00 á Hótel Nordica í Reykjavík. Málþingið er haldið í tengslum við heildarendurskoðun á grunnskólalögum. Það er liður í víðtæku samráði um ný grunnskólalög til að ná sem bestri samstöðu um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans og leiðarljós nýrra grunnskólalaga. Málþingið er einkum ætlað fulltrúum frá sveitarfélögum, skólastjórum, kennurum, foreldrum og ýmsum hagsmunaaðilum sem koma að málefnum grunnskólans og öðru áhugafólki um skólamál. Á málþinginu verður staðan í endurskoðun grunnskólalaga kynnt. Síðan verður rætt í hópum um nokkur helstu álitamál í tengslum við endurskoðun þeirra og lögð áhersla á virkni þátttakenda. Þeir sem hyggjast taka þátt í málþinginu eru beðnir að skrá sig hjá [congress.is](#). Hægt er að beina fyrirspurnum vegna þingsins til Congress Reykjavík. Málþingið er öllum opið, þátttakendum að kostnaðarlausu.



Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg bjóða öllum aðstandendum og velunnurum [Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda](#) til lokahófs og afmælisveislu í tilefni af 15 ára afmæli keppinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 4. nóvember nk. kl. 14:00. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, mun kynna breytingar á Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda og setja af stað Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda 2007. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkur mun flytja ávarp í tilefni af 15 ára afmæli keppinnar og Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti afhendir ungu hugvitsfólki verðlaun. Einnig verður opnuð sýning á hluta þeirra verka sem bárust í keppnina í ár frá ungum hugvitsmönnum.

